

Bíldudalur, 14. febrúar 2025

Hafnir Ísafjarðarbæjar
b/t Hilmar Kristjánsson Lyngmo, hafnarstjóra
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður

Sent á : hofn@isafjordur.is

Efni : Mótvægisáðgerðir vegna siglingaöryggis við eldissvæði Arnarlax við Óshlíð í Ísafjarðardjúpi

Arnarlax ehf. fékk útgefið rekstrar- og starfsleyfi fyrir 10.000 tonna hámarkslífmassa af ófrjóum laxi í Ísafjarðardjúpi á þremur eldissvæðum, Óshlíð, Eyjahlíð og Drangsvík í Ísafjarðardjúpi, í maí 2024. Rekstrarleyfi var síðan fellt niður meðal annars með tilvísun í siglingaöryggi við eldissvæðið við Óshlíð.

Niðurstaða áhættumats vegna siglingaöryggis unnið af Vegagerðinni, Samgöngustofu og Landhelgisgæslu Íslands var að ekki sé ásættanlegt með tilliti til siglingaöryggis að leyfa fiskeldi á eldissvæðinu við Óshlíð, þar sem það liggur alfarið innan hvítra ljósgeira frá Óshólavita, Arnarnesvita og Æðeyjarvita. Í áhættumatinu segir jafnframt að ef einhver lausn finnst til að svæðið sé ekki innan hvítra ljósgeira, er lagt til að svæðið verði engu að síður endurskoðað með tilliti til siglinga. Í matinu segir að lögun þess og lega sé einkar óheppileg að því leyti að suðaustur horn þess skagar langt inn í siglingaleiðina inn Skutulsfjörð þannig að það grípur nánast alla umferð á þeirri leið.

Arnarlax telur ýmsar mótvægisáðgerðir mögulegar sem leitt geta til ásættanlegs siglingaöryggis við eldissvæðið við Óshlíð. Tillögur alþjóðlega ráðgjafafyrirtækisins Ramboll, sem Arnarlax fékk til að skoða siglingaöryggi við Óshlíð voru eftirfarandi:

- Þrengja mögulega hvíta ljósgeira við Arnarnesvita, Æðeyjarvita og Óshólavita.
- Skoða möguleika á nýjum vita t.d. Ögurnes.
- Setja upp blikkljós á baujur
- Notast við sjálfvirkt auðkenniskerfi (AIS) á sjókvíar sem sýnir sjófarendum staðsetningu kvía
- Setja upp radarspegla við eldissvæðið.



Vegna tillagna Ramboll er rétt að taka fram að Arnarlax notast við blikkljós á baujur og AIS auðkenniskerfi á öllum eldissvæðum í notkun.

Arnarlax hefur auk annarra mögulegra mótvægisáðgerða ákveðið að minnka eldissvæðið við Óshlíð þannig að allt eldissvæðið við Óshlíð verði utan við 5 km. fjarlægð frá eldissvæði Hábrúnar ehf. í Skutulsfirði. Þannig verða fjarlægðarreglur reglugerðar vegna smitvarna uppfylltar gagnvart Hábrún ehf. Myndin sýnir fyrirhugað smækkað eldissvæði.



Minna eldissvæði þýðir betri og rýmri aðstæður til siglinga við Óshlíð miðað við fyrri stærð og staðsetningu. Áhættumat siglinga við Óshlíð miðaðist við stærra eldissvæðið. Við breytinguna mun „suðaustur horn“ svæðisins ekki lengur skaga inn í siglingaleiðina inn Skutulsfjörð og sérstaklega var tilgreint í áhættumati um siglingaöryggi og vísað var til hér að framan.

Meðfylgjandi er greinargerð Arnarlax þar sem mótvægisáðgerðum er nánar lýst meðal annars með tilliti til umferðar skipa. Umferð fiskiskipa eru algengasta skipaumferðin á svæðinu með um 700 ferðir um Óshlíðarsvæðið árið 2022, eða að meðaltali um 2 ferðir á dag.

Í ljósi þess að umferð fiskiskipa er líklega að stærstum hluta staðbundin og siglingaöryggi varðar þannig skip sem gerð eru út og hafa heimahöfn við Ísafjarðardjúp telur Arnarlax mikilvægt að kynna og bera undir hafnaryfirvöld í Súðavík, Ísafjarðarbæ og Bolungarvík tillögur fyrirtækisins að minna eldissvæði og aðrar framkomnar tillögur um mótvægisáðgerðir sem stuðlað geta að fullnægjandi öryggi sjófarenda við Óshlíðarsvæðið.

Markmiðið með erindi þessu er þannig að óska eftir afstöðu forráðamanna hafnaryfirvalda sem þekkja siglingar um Ísafjarðardjúp og geta þannig metið raunsætt hvað þarf til svo tryggja megi fullnægjandi og ásættanlegt siglingaöryggi við fyrirhugað eldissvæði við Óshlíð.

Þess er vænst að vel verði tekið í erindi fyrirtækisins og hafnaryfirvöld sjái sér fært að afgreiða erindið. Ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi þess að eldisáformum Arnarlax á eldislaxi í Ísafjarðardjúpi verði ekki kollvarpað með útilokun eldis á Óshlíðarsvæðinu. Slíkt myndi ekki einasta hafa áhrif á framtíðaráform Arnarlax heldur einnig almenna uppbyggingu atvinnulífs á svæðinu.

Sé óskað frekari upplýsinga eða gagna vinsamlegast hafið samband við undirritaðann.

Virðingarfyllst
F. h. Arnarlax ehf.


Björn Hembre, forstjóri


Arnarlax ehf.
Kt. 580310-0600
Vsk. 110720
Strandgata 1
465 Bildudalur

Fylgiskjal: Mótvægisáðgerðir vegna siglingaöryggis við eldissvæði Arnarlax við Óshlíð